

UMSÓKN UM NÝTINGARLEYFI Á JARÐHITA

Leiðbeiningar

Umsókn þessi er fyrir hverskonar nýtingu á jarðhita á landi og í sjávarbotni innan netlaga, sbr. 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998 (auðlindalög).

Með jarðhita er átt við annars vegar jarðvarmaforða í bergi í jarðskorpunni og hins vegar stöðugan straum varma úr iðrum jarðar sem ekki telst grunnvatn., sbr. 2. gr. auðlindalaga.

Í umsókninni skulu koma fram helstu upplýsingar um nýtingarsvæði og umsækjanda, sjá leiðbeiningar hér að neðan varðandi hvaða upplýsinga er óskað eftir í hverjum lið. Einnig er vísað til VIII. kafla auðlindalaga varðandi skilyrði við veitingu leyfa, efni þeirra og afturköllun.

Umsækjendum er bent á að kynna sér framangreind og önnur ákvæði auðlindalaga eftir því sem við á. Í því efni vísast einkum til IV., VII. og X. kafla laganna. Einnig er bent á að nýting jarðhita getur verið háð leyfum annarra stjórnvalda og/eða ákvæðum annarra laga en hér eru tilgreind.

Athugið! Vinsamlegast skilið umsókn þessari með rafrænum hætti til Orkustofnunar.

Vakin er athygli á því að einnig ber að skila til stofnunarinnar bréflægri umsókn, undirritaðri af þar til bærum forráðamanni umsækjanda þar sem fram komi:

1. Nafn umsækjanda og kennitala.
2. Gildistími leyfis
3. Nýtingarsvæði
4. Umsótt magn jarðhita
5. Tilgangur nýtingar
6. Yfirlit yfir fylgiskjöl með umsókn (sbr. tölulið 7 í flípanum Umsókn)
7. Dagsetning og undirskrift umsækjanda

Auk umsóknareyðublaðs vísast til flípans **Borholur** þar sem ítarupplýsingar eru settar inn

Borholur: Samkvæmt auðlindalögum (sjá m.a. 14. og 22. gr.) ber að veita Orkustofnun upplýsingar um jarðboranir og heldur stofnunin skrá um borholur. Því er óskað eftir upplýsingum um allar þær borholur sem eru innan nýtingarsvæðisins, óháð því hvort umsækjandi er eigandi eða rekstraraðili þeirra, eða hvort þær eru í nýtingu.

Leiðbeiningar fyrir umsóknareyðublað:

1. UPPLÝSINGAR UM UMSÆKJANDA

Almennar upplýsingar um umsækjanda og rekstraraðila.

2. FYRIRHUGAÐ NÝTINGARSVÆÐI

Óskað er eftir lýsandi upplýsingum um það svæði sem fyrirhugað er að nýta, þ.m.t. um staðsetningu þess, bæði í orðum og með hnitum sem afmarka það svæði sem sótt er um. Nauðsynlegt er að nýtingarsvæði sé skýrt skilgreint með hnitsetningu. Miðað er við að ISN93 hnitakerfi sé notað.

Gera þarf grein fyrir hverjir séu landeigendur á nýtingarsvæðinu og hvort þeir séu jafnframt eigendur grunnvatnsréttinda. Leita þarf samninga við handhafa auðlindaréttinda á öllu nýtingarsvæðinu um endurgjald fyrir auðlindanýtinguna, séu þeir aðrir en umsækjandi.

Í því skyni að Orkustofnun geti uppfyllt skilyrði stjórnsýslulaga nr. 93/1994, ber stofnuninni að upplýsa landeigendur og/eða rétthafa auðlindar um fyrirhugaðar framkvæmdir og gefa þeim kost á að koma að sjónarmiðum sínum áður en ákvörðun er tekin um útgáfu leyfis. Vegna þessa ber umsækjanda að upplýsa um alla rétthafa á svæðinu.

Hafa ber í huga að skv. 7. gr. auðlindalaga fellur nýtingarleyfi niður að 60 dögum liðnum frá útgáfu leyfisins hafi leyfishafi hvorki náð samkomulagi við landeiganda eða fengið heimild til eignarnáms. Vegna þessa er óskað eftir upplýsingum um hvort samkomulag þar að lútandi liggir fyrir gagnvart sérhverjum landeiganda og/eða rétthafa.

3. UPPLÝSINGAR UM NÝTINGU

Nýtingarleyfi eru veitt á grundvelli orkunýtingar, nýtingarhraða og massatöku. Gera þarf grein fyrir hversu mikinn vökva skal nýta á ársgrundvelli, sem og þegar hámarksálag er. Ef hitastig vökvans er yfir 100°C er miðað við að gert sé grein fyrir orku-og massaupptöku sem og vermi. Ef hitastig vökvans er undir 100°C er miðað við meðalnýtingu á ársgrundvelli í l/s, og svo hámarksnýtingu á hverjum tímapunkti, þ.e. það hámarksrennsli sem er hæfilegt í l/s. Fyrir hitaveitur er óskað eftir holutoppshitastigi sem og að framrásar- og bakrásarhitastig sé tilgreint. Fyrir virkjanir er óskað eftir hitastigi affallsvatns frá virkjuninni.

Tilgreina skal til hve langs tíma óskað er að leyfið gildi. Hafa ber í huga að skv. 3. gr. a í auðlindalögum er ríki, sveitarfélögum og félögum í þeirra eigu heimilt að veita tímabundinn afnotarétt til allt að 65 ára í senn.

Gera þarf grein fyrir tilgangi nýtingar, sjá fellilista. Jafnframt er óskað eftir stuttri lýsingu á þeirri starfsemi, þ.m.t. hitaveitu, sem fyrirhuguð nýting mun þjóna. Ef umræddar upplýsingar eru viðamiklar, eða ef umsækjandi svo óskar, geta þessar upplýsingar fylgt umsókn í sér greinargerð(um) en þá ber að tilgreina númer fylgiskjals sem þær upplýsingar er að finna, sjá lið 7.

Tilgreina ber aðra nýtingu sem fyrir er í nágrenni fyrirhugaðs nýtingarsvæði, hvers eðlis hún er (s.s. hitaveita, fiskeldi, iðnaður) og hvort gert sé ráð fyrir því að áhrifa gæti á nýtingu hvors aðila fyrir sig.

Umsækjandi skal gera grein fyrir þeim rannsóknum sem liggja að baki umsókn. Ef talið er að nýting geti haft í för með sér niðurdrátt og lækkun vatnsborðs út fyrir nýtingarsvæðið er óskað eftir reiknilíkani sem spáir fyrir um hversu mikil og víðtæk sú lækkun verður.

4. SKIPULAGSMÁL

Umsækjanda ber að veita upplýsingar um stöðu skipulagsmála, og hvort fyrirhuguð nýting sé í samræmi við staðfest aðalskipulag. Þá er óskað upplýsinga um hvort deiliskipulag liggir fyrir um fyrirhugað nýtingarsvæði (eftir því sem við á).

Æskilegt er að með umsókn fylgi afrit af staðfestum skipulagsuppdráttum, eða auglýstum skipulagsdrögum þar sem þau liggja fyrir.

Sömuleiðis ber að gera grein fyrir málsmeðferð vegna umhverfismats, þ.e. matsskýrsla og álit Skipulagsstofnunar ef um er að ræða framkvæmd í flokki A í 1. viðauka laga nr. 111/2021 og/eða ákvörðun um matsskyldu ásamt tilkynningu um framkvæmd ef um er að ræða framkvæmd í flokki B.

5. FRAMKVÆMDIR TENGÐAR NÝTINGU

Gera skal grein fyrir áætlun um framkvæmdir, hvenær þær byrja, hvenær þeim lýkur og hvenær upphaf reksturs er áætlað.

Lýsing á mannvirkjum vegna nýtingar, þ.m.t. lagnir. Frumdrættir að mannvirkjum skulu fylgja umsókn.

Gera skal grein fyrir tilhögun á losun affallsvatns.

Gera skal grein fyrir niðurdrætti í eyðublaði og leggja fram spá um niðurdrátt í sérstökum flípa. Þá skal gera grein fyrir áætlaðri rýrnun á gufu og massa á ársgrundvelli.

6. TRYGGINGAR

Rekstraraðili skal vera vátryggður. Staðfesting á tryggingum skal fylgja umsókn.

7. FYLGISKJÖL

Öll fylgiskjöl með umsókn skulu talin upp hér með heiti og einfaldri lýsingu á efni þeirra.

Fyllið inn eins og við á:

Umsókn telst ekki fullgerð fyrr en sent hefur verið undirritað umsóknarbréf til Orkustofnunar.

1 UPPLÝSINGAR UM UMSÆKJANDA
a) Umsóknaraðili

Nafn umsóknaraðila:	Landsvirkjun
Kennitala umsóknaraðila:	4202691299
Heimilisfang umsóknaraðila:	Háaleitisbraut 68
Póstnúmer:	103
Sveitarfélag:	Reykjavík
Símanúmer:	5159000
Tölvupóstfang:	landsvirkjun@landsvirkjun.is
Nafn forsvarsmanns:	Hörður Arnarson

b) Upplýsingar um tengilið sem kemur fram fyrir hönd umsækjanda

Nafn tengiliðar:	Jónas Ketilsson
Vensl við umsækjanda:	Verkefnisstjóri - þróun jarðvarma
Símanúmer:	5159146
Farsímanúmer:	6953326
Tölvupóstfang:	jonas.ketilsson@landsvirkjun.is

2 FYRIRHUGAÐ NÝTINGARSVÆÐI
a) Staðsetning nýtingarsvæðis:

Heiti jarðhitasvæðis:
 Heiti hitaveitu eða virkjunar:
 Heiti jarða sem nýtingarsvæði er staðsett í:
 Sveitarfélag (sveitarfélög):

Þeistareykir
Þeistareykir í Þingeyjarsveit
Þeistareykjastöð
Þeistareykir
Þingeyjarsveit

b) Mörk nýtingarsvæðis í hnitakerfi ISN93:

X	Y
587500	604000
597000	604000
597000	593000
587500	593000

(bætið við línun eftir þörfum)

Vegna umsagnarferlis skal fylgja með umsókn kort af fyrirhuguðu nýtingarsvæði ásamt hnitum á mörkum þess.

Kortið skal vera upplýsandi og skýrt þannig að umsagnaraðilar geti gert sér grein fyrir staðhættum og legu svæðis.

(Orkustofnun útbýr endanlegt kort með leyfi, þessi gögn eru hugsuð fyrir yfirferð á umsókn og til notkunar í umsagnarferli)

 Kort í fylgiskjali nr.: Sjá gildandi nýtingarleyfi
c) Nánari upplýsingar um jarðir á nýtingarsvæði
Upplýsingar um landeigendur

Heiti jarðar	Landnúmer	Landeigandi	Kennitala	Heimilisfang	Eignarhluti jarðar
	220941	Þingeyjarsveit	550322-1100	Laugum	100%
	153979	Þingeyjarsveit	550322-1100	Laugum	100%

(bætið við línun eftir þörfum)

Upplýsingar um eigendur jarðhitaréttinda, ef aðrir en landeigendur

Heiti jarðar	Landnúmer	Eigandi jarðhitaréttinda	Kennitala	Heimilisfang	Eignarhluti jarðar	Samningur um nýtingu? Nr. Fylgiskjals
	220941	Þingeyjarsveit	550322-1100	Laugum	100%	Sjá gildandi leyfi
	153979	Þingeyjarsveit	550322-1100	Laugum	100%	Sjá gildandi leyfi

(bætið við línun eftir þörfum)

3 UPPLÝSINGAR UM FYRIRHUGAÐA NÝTINGU

Ath: Ólíkar upplýsingar eiga við eftir því hvort um sé að ræða hitastig undir eða yfir 100°C.

a) Umfang nýtingar og eðli jarðhita*i) Jarðhitavökvu undir 100°C*

Meðalnýting á ári [l/s]:

Hámarksnýting á hverjum tíma [l/s]:

Hitastig vatns [°C]:

Framrásarhitastig veitu (°C):

Bakrásarhitastig veitu (°C):

ii) Jarðhitavökvu yfir 100°C

Nýting á ári [PJ]:

Vermi vökva [kJ/kg]:

Massavinnsla á ári [Tg]:

Hitastig affallsvatns frá virkjun/veitu:

Ath: gera þarf grein fyrir öllum borholum á svæðinu, óháð eignarrétti eða nýtingu, sjá flipann "Borholur".**b) Gildistími leyfis**

Gildistími sem óskað er eftir [ár]:

c) Nánar um fyrirhugaða nýtingu

(Ef „annað“, þá hvað?)

Tilgangur nýtingar (veljið eitt):

Almennt um tilgang nýtingar:

Sala til annars dreifiaðila? Ef svo er, tilgreinið magn:

Frekari upplýsingar um heildsölu:

Önnur nýting á svæðinu:

Möguleg áhrif á nýtingu annarra:

Áætluð áhrif nýtingar á auðlindir:

d) Niðurstöður rannsókna

Tilgreinið eftir því sem við á rannsóknarskýrslur og önnur gögn um auðlind, þ.m.t. niðurdrátt, áhrif nýtingar, reiknilíkan af jarðhitakerfi.

4 SKIPULAGSMÁL**a) Staða skipulags:**

Fyrirhugaðar framkvæmdir innan skipulagsheimilda.

	Dags.	Fylgiskjal nr.
Afrit af staðfestu aðalskipulagi		Fylgiskjal 1: http://skipulagsaaetlanir.skipulagssto
Afrit af staðfestu deiliskipulagi		Fylgiskjal 2: http://skipulagsaaetlanir.skipulagssto

b) Umhverfismat (eftir því sem við á):

Fellur fyrirhuguð nýting undir ákvæði laga nr. 111/2021?

Já/Nei

Já

	Dags.	Fylgiskjal nr.
Álit Skipulagsstofnunar um matsskýrslu	24.nóv.10	Fylgiskjal 3: https://www.skipulag.is/umhverfisma
Matsskýrsla	okt.10	Fylgiskjal 4: https://www.skipulag.is/media/attach

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar í B-flokki
Tilkynning til Skipulagsstofnunar um framkvæmd

5 FRAMKVÆMDIR TENGDA RÝTINGU

a) Framkvæmdaáætlun

Áætlað upphaf framkvæmda:
Áætluð lok framkvæmda:
Áætlað að hefja rekstur:

1.jún.24
30.apr.27
30.apr.27

b) Mannvirki

Lýsing á mannvirkjum vegna nýtingar:

Jarðvarmavirkjun. Gert er grein fyrir hönnunarforsendum jarðvarmavirkjunar í umsókn um virkjunarleyfi.

c) Losun affallsvatns

Tilhögun losunar affallsvatns:

Í jörðu: X
Á yfirborði: X
Annað:

Frekari upplýsingar um losun:

Sjá reglur OS-2016-R01-01 vegna losunar vökva í jörðu
Hliðstæð skilyrði og í gildandi leyfi

Hliðstæð skilyrði og í gildandi leyfi og fjallað er um í umsókn.

d) Niðurdráttur og gufurýrnun

Þegar séð er fram á niðurdrátt eða lækkun vatnsborðs þarf að leggja fram áætlun um niðurdrátt, sjá "Niðurdráttur"

Áætluð gufurýrnun [%/a]:
Áætluð massarýrnun [kg/a] eða [%/a]:
Áætlaður meðalniðurdráttur [bar-a]:

3 %/a (meðaltal 5 ára)
2500000000 kg/a
2-3 bar-a (meðaltal 5 ára)

6 TRYGGINGAR:

Skila skal staðfestingu á tryggingum með umsókn

Tryggingarfélag eiganda:
Staðfesting í fylgiskjali nr.:

Icelandic Power Insurance Ltd.
Fylgiskjal 5

UPPLÝSINGAR UM BORHOLUR Á NÝTINGARSVÆÐI

Oskað er eftir upplýsingum um allar holur á nýtingarsvæði, óháð nýtingu, eignarrétti eða hvort þær eru nú þegar í borholuskrá OS.

[Visað er til reglna Orkustofnunar um skráningu, hönnun og frágang borhola og skil á upplýsingum um borholur til Orkustofnunar, nr. OS-2019-R01-01](#)

Hægt er að nálgast borholuskrá Orkustofnunar á [map.is/os](#) og [os.is/os.is/borholeit](#)

Auðkennis-númer:	Borholunafn:	Upphaflegur tilgangur:	Núverandi notkun:	Borunarár:	Gerð holu:	Lokadýpi holu:	Fóðringardýpi:	Lengd holu:	Verkkaupi:	Elgandi holu:	Rekstraraðili holu:	Hnit holu (ISN93):	
												X	Y
		Veljið eitt:	Veljið eitt:		Veljið eitt:	[m]	[m]	[m]					
60104	BP-01	Mannvirkjagerð	Annað	2011	Bein hola	9	1,7	9	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	592844,5	600725,3
60105	BP-02	Mannvirkjagerð	Annað	2011	Bein hola	9	1,7	9	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	592886,2	600755
60106	BP-03	Mannvirkjagerð	Annað	2011	Bein hola	9	1,5	9	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	592930,8	600642,5
60107	BP-04	Mannvirkjagerð	Annað	2011	Bein hola	9	1,5	9	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	593051,3	600795,2
60108	BP-05	Mannvirkjagerð	Annað	2011	Bein hola	9	1,0	9	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	593056,9	600715,4
60109	BP-06	Mannvirkjagerð	Annað	2011	Bein hola	9	1,0	9	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	592781,8	600639,6
60111	PJ-01	Jarðskautshola	Annað	2016	Bein hola	145	6,0	145	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	592958,2	600688
60112	PJ-02	Jarðskautshola	Annað	2016	Bein hola	151	151,0	151	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	592830	600702,5
60481	PS-01	Rannsóknarhola	Niðurdælingarhola	2014	Bein hola	48	6,0	48	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	592930	600710
60482	PS-02	Rannsóknarhola	Niðurdælingarhola	2014	Bein hola	52	6,0	52	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	592935	600715
60483	PS-03	Rannsóknarhola	Niðurdælingarhola	2014	Bein hola	97	7,0	97	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	592932,9	600625,3
60484	PS-04	Rannsóknarhola	Niðurdælingarhola	2014	Bein hola	73	5,5	73	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	593163,9	599665,7
60485	PS-05	Rannsóknarhola	Niðurdælingarhola	2014	Bein hola	48	12,0	48	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	592989,1	600672,3
60486	PS-06	Rannsóknarhola	Niðurdælingarhola	2016	Bein hola	72	6,0	72	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	592967,7	600677,2
60487	PS-07	Rannsóknarhola	Niðurdælingarhola	2016	Bein hola	72	6,0	72	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	592917,2	600787,1
60361	PR-01	Leitarhola	Annað	1999	Bein hola	133,4	3,0	133,4	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	592725	601614
60362	PR-02	Leitarhola	Annað	1999	Bein hola	102	6,0	102	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	591780	597271
60363	PR-03	Leitarhola	Annað	1999	Bein hola	201	3,0	201	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	592666	600791
60364	PR-04	Kaldavatnshola	Annað	2000	Bein hola	151	100,0	151	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	592726,3	601617,4
60365	PR-05	Kaldavatnshola	Annað	2003	Bein hola	150	97,4	150	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	592706	601623,1
60366	PR-06	Skolvatnshola	Lokuð hola	2003	Bein hola	72,9	72,9	73	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	592725	601614
60367	PR-07	Hítastígulshola	Annað	2007	Bein hola	459	150,0	459	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	590666,2	601259,2
60368	PR-08	Hítastígulshola	Annað	2007	Bein hola	72	40,0	72	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	591519,1	608366,4
60369	PR-09	Kaldavatnshola	Annað	2008	Bein hola	110	47	110	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	590436	602733
60370	PR-10b	Leitarhola	Lokuð hola	2011	Bein hola	60	6,5	60	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	589981,7	598146
60371	PR-10	Kaldavatnshola	Annað	2011	Bein hola	124	6,5	124	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	589984,6	598152
60372	PR-11	Kaldavatnshola	Lokuð hola	2011	Bein hola	90	9	90	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	595016,5	608951,4
60373	PR-12	Hítastígulshola	Annað	2014	Bein hola	450	148,45	450	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	592403,5	600144
60374	PR-13	Hítastígulshola	Lokuð hola	2014	Bein hola	102	10,7	102	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	592744	600529,7
60375	PR-14	Hítastígulshola	Annað	2014	Bein hola	406	145,75	406	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	592741,6	600535
60376	PR-15	Hítastígulshola	Annað	2014	Bein hola	102	12	102	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	595013	608948
60377	PR-16	Hítastígulshola	Annað	2014	Bein hola	90	78	90	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	589986	598150
60421	PH-01	Skolvatnshola	Lokuð hola	2014	Bein hola	168	12	168	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	592671,4	600799
60401	PG-01	Gufuöflun	Vinnsluhola	2002	Bein hola	1953,2	1924,2	1953,2	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	592990,4	599033
60402	PG-02	Gufuöflun	Vinnsluhola	2003	Bein hola	1723	1704,9	1723	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	592165	598975,2
60403	PG-03	Gufuöflun	Vinnsluhola	2006	Bein hola	2659	2638,9	2659	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	594146,5	599541,8
60404	PG-04	Gufuöflun	Vinnsluhola	2007	Stefnuboruð hola	1401,5	2240	2240	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	593014	599041,8
60405	PG-05	Gufuöflun	Vinnsluhola	2006	Stefnuboruð hola	1401,5	1898,7	2499	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	593014,4	599053,5
60406	PG-06	Gufuöflun	Vinnsluhola	2008	Stefnuboruð hola		2780,7	2798,9	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	594134,5	599530,7
60407	PG-07	Gufuöflun	Vinnsluhola	2011	Stefnuboruð hola	1145	2500	2508	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	594154,5	599552,2
60408	PG-08	Gufuöflun	Vinnsluhola	2011	Stefnuboruð hola	2248	2500	2503	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	590991,5	599447
60409	PG-09	Gufuöflun	Vinnsluhola	2012	Stefnuboruð hola	1666	2194	2194	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	593423,8	599593,2
60410	PG-10	Gufuöflun	Vinnsluhola	2016	Stefnuboruð hola	193	106,9	193	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	593011,9	599073,6
60411	PG-11	Gufuöflun	Vinnsluhola	2016	Stefnuboruð hola		2209,5	2224	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	593436	599582
60412	PG-12	Gufuöflun	Vinnsluhola	2016	Stefnuboruð hola		2710	2710	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	593912,6	599461
60413	PG-13	Gufuöflun	Vinnsluhola	2016	Stefnuboruð hola		2505	2505	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	592893	598954
60414	PG-14	Gufuöflun	Vinnsluhola	2016	Stefnuboruð hola		2499,3	2500	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	592981,8	599914,1
60415	PG-15	Gufuöflun	Vinnsluhola	2017	Stefnuboruð hola		2260	2260	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	593445,2	599590,5
60416	PG-16	Gufuöflun	Vinnsluhola	2017	Stefnuboruð hola	1863	2702	2702	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	593908,4	599474,3
60417	PG-17	Gufuöflun	Vinnsluhola	2017	Stefnuboruð hola	2189	2499,2	2500	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	592896,8	599882,2
60418	PG-18	Gufuöflun	Vinnsluhola	2016	Stefnuboruð hola	2052	2641	2644	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	592972,6	599923,9
60419	PG-19	Gufuöflun	Vinnsluhola	2016	Stefnuboruð hola	í borun	í borun	í borun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	591947,7	598507,1
60451	PN-01	Niðurdælingarhola	Niðurdælingarhola	2014	Bein hola	446	444,5	446	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	592394,2	600120,8
60452	PN-02	Niðurdælingarhola	Niðurdælingarhola	2014	Bein hola	450	450	450	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	592412,6	600167,2
60506	PSS-06	Niðurdælingarhola	Vinnsluhola	2016	Bein hola	108	6	108	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	592633	599640
60507	PSS-07	Niðurdælingarhola	Vinnsluhola	2016	Bein hola	92	6	92	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	593845,4	599575,1
60508	PSS-08	Niðurdælingarhola	Vinnsluhola	2016	Bein hola	102	102	102	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	592948,8	599825

60509	pSS-09	Niðurdælingarhola	Vinnsluhola	2017	Bein hola	114	113	114	Landsvirkjun	Landsvirkjun	Landsvirkjun	592348,5	600160,8
-------	--------	-------------------	-------------	------	-----------	-----	-----	-----	--------------	--------------	--------------	----------	----------

NIÐURDRÁTTUR Á NÝTINGARSVÆÐI:

Þegar séð er fram á niðurdrátt eða lækkun vatnsborðs þarf að leggja fram áætlun um niðurdrátt.

Skilgreina þarf árleg útgildi (0-100% líkindi) og árleg vögmildi (10-90% líkindi) og skal reiknilíkan endurskoðað áður en vögmörkum er náð.

Reiknilíkan skal endurskoðað á a.m.k. 5 ára fresti.


Skilgreina skal viðmiðunarholu þar sem þrýstingur er mældur á ákveðnu dýpi sem er til grundvallar reiknilíkaninu.

Viðmiðunarholur geta verið fleiri en ein.

Sem dæmi má benda á nýtingarleyfi á jarðhita á Þeistareykjum, gefið út 28. mars 2014, og nýtingarleyfi á jarðhita á Hellsheiði, gefið út 2. nóvember 2015.

Viðmiðunarhola 1:	PG-18		
Upphafsviðmið [bar]:	117,71	Dýpi [m]:	1956
Viðmiðunarhola 2:			
Upphafsviðmið [bar]:		Dýpi [m]:	
Viðmiðunarhola 3:			
Upphafsviðmið [bar]:		Dýpi [m]:	

Ár	Neðra útgildi	Neðri vögmörk	Miðgildi	Efri vögmörk	Efra útgildi
[bar-a]					
2023	-2,25	-1,07	-0,14	0,70	1,63
2024	-2,55	-1,28	-0,27	0,60	1,54
2025	-2,87	-1,50	-0,41	0,50	1,45
2026	-3,18	-1,72	-0,54	0,41	1,37
2027	-3,51	-1,94	-0,67	0,34	1,31
2028	-3,87	-2,13	-0,79	0,27	1,27
2029	-4,22	-2,34	-0,91	0,20	1,23
2030	-4,57	-2,57	-1,03	0,14	1,19
2031	-4,92	-2,80	-1,14	0,08	1,16
2032	-5,30	-3,04	-1,27	0,02	1,12
2033	-5,73	-3,31	-1,41	-0,04	1,09
2034	-6,25	-3,64	-1,57	-0,11	1,05
2035	-6,89	-4,05	-1,76	-0,19	1,01
2036	-7,65	-4,56	-1,98	-0,27	0,96
2037	-8,52	-5,16	-2,25	-0,37	0,90
2038	-9,48	-5,85	-2,59	-0,50	0,82
2039	-10,54	-6,63	-3,02	-0,65	0,73
2040	-11,72	-7,52	-3,51	-0,85	0,62
2041	-13,03	-8,54	-4,11	-1,10	0,49
2042	-14,42	-9,70	-4,84	-1,40	0,35
2043	-15,91	-10,97	-5,65	-1,77	0,19
2044	-17,37	-12,34	-6,60	-2,25	-0,02
2045	-18,76	-13,77	-7,64	-2,82	-0,28
2046	-20,08	-15,19	-8,80	-3,50	-0,59
2047	-21,37	-16,41	-10,05	-4,30	-0,98
2048	-22,60	-17,78	-11,34	-5,22	-1,45
2049	-23,76	-19,05	-12,63	-6,24	-2,01
2050	-24,88	-20,36	-13,92	-7,36	-2,68
2051	-25,97	-21,47	-15,13	-8,47	-3,45
2052	-27,02	-22,50	-16,30	-9,58	-4,32
2053	-28,05	-23,49	-17,39	-10,71	-5,28



NOTKUN Á VEITUSVÆÐI LEYFISHAFA

Almennt um veitusvæði:

Aðrar upplýsingar:

Kort af veitusvæði:

Heiti fylgiskjals:	
Heiti fylgiskjals:	

T.d. Skipulag svæðis.

Nægjanlegt er t.d. að taka skjáskot af kortavefsjá þar sem veitusvæðið er greinilega merkt inn.

Varmaafli hitaveitu [MW_{th}]:

Framrásarhitastig (°C):

	Bakrásarhitastig (°C):	
--	------------------------	--

Upplýsingar um notkun á dreifisvæði:

Nálgast má upplýsingar um stærð húsnæðis hjá Þjóðskrá og hjá skipulagsfulltrúum.

Nota má reiknivél Orkustofnunar til að meta notkun.

Húsnæði:	Núverandi stærð [m ³]	Áætluð viðbót á aðalskipulagi [m ³]	Samtals til grundvallar leyfi:
Íbúðarhús:			0 m ³
Bílskúrar:			0 m ³
Gróðurhús:			0 m ³
Kirkjur:			0 m ³
Sumarhús:			0 m ³
Vélageymslur og gripahús:			0 m ³
Sundlaugar:			0 m ³
Þjónustu og atvinnuhúsnæði:			0 m ³
			0 m ³

Áætlun á orkuþörf, flæði og magni heits vatns

Fylla skal inn í gullitaða reiti þar sem við á.

Upplýsingar um heildarstærð allra húsnæða:

Íbúðarhús		m ³
Bílskúr		m ³
Gróðurhús		m ³
Kirkjur		m ³
Sumarhús		m ³
Sundlaug		m ²
Vélageymslur og gripahús		m ³
Þjónustu- og atvinnuhús		m ³

Áætlað orkutap	0,0%
Áætluð orkuþörf	0 MWst/ár
Áætluð orkuþörf	0,0 MW/ár
Áætluð orkuþörf	0,0 TJ/ár

Áætlað framrásar- og bakrásarhitastig:

Framrásarhitastig:	°C
Bakrásarhitastig:	°C

Áætluð þörf á flæði til að anna áætlaðri orkuþörf	0,00 l/s
Áætluð þörf á heitu vatni (rúmmál):	0 m ³
Áætluð þörf á heitu vatni (magn):	0,0 tonn